

Úthlutun afreksstyrkja til aðildarfélaga ÍBH vegna stórmóta 2014

Hafnarfjörður 29. janúar 2015

Stjórn Afreksmannasjóðs ÍBH úthlutar í dag styrkjum til aðildarfélaga ÍBH vegna stórmóta á árinu 2014. Kallað var eftir umsóknum frá félögum vegna þátttöku í stórmótum og var umsóknarfresturinn 12. desember 2014.

Hlutverk Afreksmannasjóðs ÍBH er að vinna eftir reglugerð um sjóðinn en undir hana falla eftirtaldir liðir, ferðastyrkir, afreksstyrkir á stórmót, afreksstyrkir í Evrópukeppni félagsliða og líkamsræktarstyrkir fyrir unga og efnilega íþróttamenn.

Alls bárust umsóknir vegna 25 verkefna frá 9 íþróttadeildum 8 íþróttafélaga.

Stjórn sjóðsins lagði mat á allar umsóknir og niðurstaðan er að eftirtalin félög / deildir uppfylla áður uppgefin skilyrði.

- Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar
- Íþróttafélagið Fjörður
- Golfklúbburinn Keilir
- Badmintonfélags Hafnarfjarðar, tennisdeild
- Hestamannafélagið Sörli
- Fimleikafélag Hafnarfjarðar, frjálsíþróttadeild
- Sundfélag Hafnarfjarðar
- Fimleikafélag Hafnarfjarðar, knattspyrnadeild
- Knattspyrnufélagið Haukar, handknattleiksdeild

Öll verkefni 25 voru í ár metin styrkhæf. Stjórn sjóðsins ákveður úthlutunarfyrirkomulag hverju sinni og er ávallt reynt að gæta jafnræðis milli einstaklinga og liða með tilliti til fjölda móta, sem tekið var þátt í.

Verkefni sem hljóta styrk eru eftirfarandi:

- **Dansíþróttafélag Hafnarfjarðar**, sem átti keppendur á HM í latindönsum og HM í 10 dönsum.

➤ Sigurður Már Atlason og Sara Rós Jakobsdóttir.

Styrkuppghæð: kr. 360.000-

Alls hefur verið úthlutað vegna verkefna félagsins 2014 kr. 870.000-

- **Íþróttafélagið Fjörður**, sem átti keppanda á ICP – Evrópumeistaramóti fatlaðra í sundi.

➤ Kolbrún Alda Stefánsdóttir.

Styrkuppghæð: kr. 90.000-

Alls hefur verið úthlutað vegna verkefna félagsins 2014 kr. 200.000-

- **Golfklúbburinn Keilir**, sem átti keppendur á EM landsliða karla og kvenna og HM landsliða kvenna.

➤ Gísli Sveinbergsson, Signý Arnórsdóttir og Guðrún Brá Björgvinsdóttir.

Styrkuppghæð: kr. 360.000-

- Evrópukeppnifélagsliða 2 umferðir

➤ Meistaraflokkur karla og kvenna.

Styrkuppghæð: kr. 340.000-

Alls hefur verið úthlutað vegna verkefna félagsins 2014 kr. 2.140.000-

- **Tennisdeild BH**, sem átti keppenda á Fed Cup kvenna í tennis í Eistlandi.

➤ Hjördís Rósa Guðmundsdóttir.

Styrkuppghæð: kr. 90.000-

Alls hefur verið úthlutað vegna verkefna deildarinnar 2014 kr. 125.000-

- **Hestamannafélagið Sörli**, sem átti keppendur á NM íslenska hestsins í Herning í Danmörku.

➤ Eyjólfur Þorsteinsson, Snorri Dal og Daniel Ingi Smáráson.

Styrkuppghæð: kr. 270.000-

Alls hefur verið úthlutað vegna verkefna félagsins 2014 kr. 350.000-

- **Frjálsíþróttadeild FH**, sem átti keppanda á EM utanhúss í Madeira.

➤ Sveinbjörg Zophoníasdóttir.

Styrkuppghæð: kr. 90.000-

Alls hefur verið úthlutað vegna verkefna deildarinnar 2014 kr. 340.000-

- **Sundfélag Hafnarfjarðar**, sem átti keppendur á HM í 25m laug í Qatar og EM í 50m laug í Berlín.

➤ Davíð Hildiberg Aðalsteinsson, Kolbeinn Hrafnkelsson, Hrafnhildur Lúthersdóttir og Ingibjörg Kristín Jónsdóttir.

Styrkuppghæð: kr. 450.000-

Alls hefur verið úthlutað vegna verkefna félagsins 2014 kr. 910.000-

- **Knattspyrnudeild FH**, sem átti keppendur í Evrópukeppnifélagssliða 3 umferðir
 - Meistaraflokkur karla.

Styrkuppghæð: kr. 510.000-

Alls hefur verið úthlutað vegna verkefna deildarinnar 2014 kr. 2.560.000-

- **Handknattleiksdeild Hauka**, sem átti keppendur í Evrópukeppnifélagssliða 1 umferð
 - Meistaraflokkur karla.

Styrkuppghæð: kr. 170.000-

Alls hefur verið úthlutað vegna verkefna deildarinnar 2014 kr. 930.000-

Samtals hefur Afreksmannasjóður nú úthlutað **kr. 2.730.000-**

Alls hefur verið úthlutað fyrir árið 2014 kr. 5.730.000- til afreksverkefna auk styrkja úr ferðasjóði að upphæð kr. 3.885.000- samtals hefur því verið úthlutað vegna ársins 2014 **kr. 9.615.000-**

Úthlutun úr Afreksmannasjóði 2014

Verkefni	Úthlutað
Ferðasjóður	3.885.000
Evrópukeppni liða	3.000.000
Önnur verkefni v/stórmóta 2013	2.730.000

Samtals

Kr. 9.615.000